***BORGARRÁÐ 4. maí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum - R17050020***

Lagt er til að ráðist verði í endurbætur á Gamla Gufunesveginum á kaflanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vogi. Vegurinn er í slæmu ásigkomulagi og hafa m.a. djúpar holur myndast í honum. Jafnframt er lagt til að göngu- og hjólreiðatengsl við sjúkrahúsið verði bætt. Nýmalbikaður stígur meðfram Stórhöfða verði tengdur sjúkrahúsinu sem og sá hluti gamla Gufunesvegarins, sem nýtist nú sem göngu- og hjólreiðastígur og liggur frá sjúkrahúsinu niður í voginn og tengist þar stígakerfi Foldahverfis.